

72. stjórnarfundur- símafundur 15. nóvember 2013.

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, formaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson. og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri. Elín Heiða Valsdóttir mætti ekki.

Fundur hófst kl. 12:00

1. Frumvarp til Fjárlaga 2014

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu kemur fram að framlög lækka samtals um 388,6 m.kr. að raungildi, annars vegar er um að ræða hagræðingarkröfu á rekstrarlið stofnunarinnar að upphæð um 5 m.kr. og hins vegar alls um 384 m.kr. lækkun á framkvæmdalið stofnunarinnar.

Í fyrsta lagi fellur út 290 m.kr. framlag sem ætlað var til 2. áfanga uppbyggingar Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Í öðru lagi er fellt niður 57 m.kr. framlag sem er í Fjárlögum 2013 til uppbyggingar innviða í Þjóðgarðinum, sem þar var í samræmi við fjárfestingaáætlun fyrri ríkisstjórnar. Í þriðja lagi eru felldar niður 30 m.kr. af framkvæmdalið stofnunarinnar „ í sértækri aðhaldsráðsstofun til mótvægis við auknar útgjaldaskuldbindingar ríkissjóðs.“ Og í fjórða lagi er lækkun á framkvæmdalið stofnunarinnar í samræmi við hagræðingarkröfu ríkisstjórnarinnar, alls um 7 m.kr.

Stjórnin ræddi frumvarpið ítarlega. Fjallað var um mikilvægi þjóðgarðsins fyrir hið nýja átak í að kynna Íslands sem áningarstað allt árið um kring. Stjórnarmenn voru sammála um að ef vel á að takast til við uppbyggingu ferðaþjónustu allt árið þurfi lykilverðamannastaðir að vera í stakk búnir til að taka á móti ferðamönnum, bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu innviða.

- Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs varð sammála um eftirfarandi bókun, sem formanni og framkvæmdastjóra er falið að koma á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneytið:

„Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs lýsir yfir verulegum áhyggjum af fjárveitingum til Vatnajökulspjóðgarðs eins og þær birtast í frumvarpi til Fjárlaga 2014. Stjórnin minnir á að innan marka þjóðgarðsins eru mörg verðmætustu náttúrusvæði landsins og sum þeirra mikilvæg á heimsmælikvarða. Þjóðgarðurinn er nú um 14. 000 ferkílómetrar og fjarri lagi er að nægileg uppbygging hafi farið fram innan hans til að hægt sé með sóma að taka á móti síauknum ferðamannaþjölda á svæðinu. Nauðsynlegt viðbótarframlag til rekstrar þjóðgarðsins sem stjórn óskaði eftir er allt skorið niður og gert ráð fyrir líkri upphæð til rekstrar hans á árinu 2014 og í ár. Áætlað framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum á næsta ári er aðeins um helmingur þess sem það er á þessu ári. Auk þessa er fellt niður 290 m.kr. framlag til byggingar þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Í allt er áætluð lækkun framlags til þjóðgarðsins 388,6 m. kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

Þessar fyrirhuguðu fjárveitingar til Vatnajökulspjóðgarðs á árinu 2014 eru ekki í neinu samræmi við þau áform sem uppi voru þegar þjóðgarðurinn var stofnaður, hvorki til rekstrar né uppbyggingar innviða. Svigrúm til niðurskurðar hjá tiltölulega nýrri stofnun í uppbyggingarferli er augljóslega lítið ef nokkurt. Stjórn vill minna á að nú í ár stækkaði þjóðgarðurinn verulega þegar Krepputunga á austursvæði varð hluti hans. Frá stofnun hefur þjóðgarðurinn haft veruleg áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu á nærsvæðum og lagt þung lóð á vogarskálar frekari þróunar vetrarferðaþjónustu. Það felur í sér skyldur til uppbyggingar. Einnig er mikilvægt að byggja upp starfsemi og rekstur þjóðgarðsins í samræmi við Stjórnunar- og verndaráætlun hans, sem nýlega var verulega endurbætt, auk sem mæta þarf mikilli fjölgun ferðamanna til landsins, sem sýnir sig að skilar sér öll inn á svæði hans.“

2. Næsti fundur í Reykjavík 18. desember n.k.

Fundi lauk kl.12:45